

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 347/1987. **Vinnslustöðin hf.**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

**Margréti Eygló Birgisdóttur**

(Atli Gíslason hrl.)

Veikindalaun. Fæðingarorlof. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlensdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1987 og gerir þessar dómkröfur:

„Aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og áfrýjandi verði að fullu sýknaður af kröfum þeim sem stefnda gerði í héraði, auk þess sem áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi að mati Hæstaréttar.

Til vara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 3.952,10 með 19% ársvöxtum frá 31/1 1984 til 1/1 1985, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 1/2 s.á., en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/3 s.á., en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/6 s.á., en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/9 s.á., en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/3 1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/4 s.á., en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1/3 1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 14/4 s.á., en frá þeim degi með 30% ársvöxtum til 1/6 s.á., en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1/7 s.á., en frá þeim degi með 36% ársvöxtum til 1/8 s.á., en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1/9 s.á., en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1/10 s.á., en frá þeim degi með 43,2% ársvöxtum til 1/11 1987, en með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 16/11 1987, en með dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 frá þeim degi til

greiðsludags. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til þrautavara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 7.357,70 með sömu vöxtum frá 18/2 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til 2. þrautavara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 8.413,60 með sömu vöxtum frá 24/2 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til 3. þrautavara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 11.206,40 með sömu vöxtum frá 18/3 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til 4. þrautavara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu kr. 11.528,40 með sömu vöxtum frá 24/3 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður.

Til ítrustu þrautavara, að málskostnaður fyrir Hæstarétti og héraðsdómi falli niður, þótt hinn áfrýjaði dómur verði að öðru leyti staðfestur.“

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda en til vara, að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni 11.528,40 krónur með sömu vöxtum frá 17. apríl 1984 til greiðsludags og dæmdir voru í héraði, málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og henni dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

## I.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Stefnda hefur lagt fyrir Hæstarétt svofellða sundurliðun kröfugerðar sinnar:

Aðalkrafa, laun frá 17. janúar til 17. apríl 1984, þ.e. í fulla þrjá mánuði:

84 klukkustundir í dagvinnu á kr. 63,77	kr. 5.357,00
160 klukkustundir í dagvinnu á kr. 66,96	kr. 10.714,00

Bónus	kr.	2.983,00
	kr.	19.054,00
10,17% orlof	kr.	1.938,00
	kr.	20.992,00
Samtals	kr.	20.992,00
Sjúkradagpeningar sama tímabil til frádráttar	kr.	7.462,00
	kr.	13.530,00
Aðalkrafa	kr.	13.530,00

Varakrafa, laun frá 17. janúar til 25. mars 1984, þ.e. einum mánuði fyrir fæðingardag barns stefndu:

84 klukkustundir í dagvinnu á kr. 63,77	kr.	5.357,00
96 klukkustundir í dagvinnu á kr. 66,96	kr.	6.428,00
Bónus	kr.	2.983,00
	kr.	14.768,00
10,17% orlof	kr.	1.502,00
	kr.	16.270,00
Samtals	kr.	16.270,00
Sjúkradagpeningar sama tímabil til frádráttar	kr.	4.742,00
	kr.	11.528,00
Varakrafa	kr.	11.528,00

Framangreind aðalkrafa stefndu svarar til niðurstöðu héraðsdóms og íturstu þrautavarakröfu áfrýjanda. Varakrafa stefndu svarar til fjórðu þrautavarakröfu áfrýjanda. Varakrafa áfrýjanda er miðuð við laun frá og með 17. janúar til og með 31. janúar 1984, fyrsta þrautavarakrafa við laun til og með 18. febrúar s.á., önnur þrautavarakrafa við laun til og með 24. febrúar s.á. og hin þriðja við laun til og með 18. mars s.á. Miðar áfrýjandi varakröfu sína við þann tíma, er leið frá því að einkenni fæðingareitrunar komu fram að mati læknis stefndu til þess dags, er einkenni þessi höfðu gengið niður. Þrautavarakröfurnar miðast við dag einum eða tveimur mánuðum fyrir annars vegar áætlaðan fæðingardag barns stefndu en hins vegar fæðingardag barnsins.

Ekki er um það deilt, að stefnda hafi verið ráðin hjá áfrýjanda í meira en þrjú ár samfellt og samkvæmt 2. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og viðeigandi ákvæðum

þeirra kjarasamninga, er giltu um ráðningu hennar, unnið sér rétt til launa í veikindum, óskertra í einn mánuð og daglauna í tvo mánuði eftir það. Aðalkrafa stefndu er við þetta miðuð.

Áfrýjandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefnda hafi ekki verið haldin sjúkdómi, en jafnvel þó svo hafi verið sé ekki í ljós leitt að hún hafi verið óvinnufær af þeim sökum, og enn að hvorki sé það sjúkdómur í skilningi laga og kjarasamninga um laun í veikindum né hafi hún verið óvinnufær eftir þeim skilningi. Í þessu sambandi bendir áfrýjandi á, að stefnda hafi áfram unnið öll venjuleg störf á heimili sínu. Þá telur áfrýjandi stefndu ekki eiga rétt til veikindalauna á sama tíma og hún fékk greitt fæðingarorlof og bendir jafnframt á, að hún hafi á grundvelli veikinda fengið greitt óskert fæðingarorlof í fjóra mánuði. Hins vegar hafi stefnda verið ráðin til starfa hálfan daginn og nemi því orlofsgreiðslur mun hærri fjárhæð en laun fyrir sama tíma.

Stefnda andmælir rökum áfrýjanda og skírskotar meðal annars til forsendna hins áfrýjaða dóms.

## II.

Héraðsdómur var skipaður sérfróðum meðdómsmönnum og byggði niðurstöðu sína um veikindi og óvinnufærni stefndu á vottorðum læknis hennar og ályktun lækna ráðs, svo sem rakið er í forsendum hins áfrýjaða dóms. Áfrýjandi hefur ekki fært fram nein gögn til að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti og ber að staðfesta hana.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber og að staðfesta þá niðurstöðu hans, að réttur stefndu til launa í veikindum nái til þeirra veikinda, sem hér um ræðir.

Á þeim tíma sem hér skiptir máli voru lagaákvæði um fæðingarorlof í 16. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 97/1980. Þar segir:

„(1. mgr.) Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

(2. mgr.) Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með

læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

...

(6. mgr.) Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. desember 1980 og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma skv. 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursprepi.

(7. mgr.) Fæðingarorlof greiðist sem hér segir:

1. Foreldri, sem unnið hefur 1032 - 2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á óskertri mánaðarlegri orlofsgreiðslu í þrjá mánuði.

2. Foreldri, sem unnið hefur 516 - 1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á  $\frac{2}{3}$  hlutum heildargreiðslna skv. tl. 1 í þrjá mánuði.

3. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar eða hefur unnið 515 dagvinnustundir eða minna á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á  $\frac{1}{3}$  hluta heildargreiðslu skv. 1. tl.

...

(11. mgr.) Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó aldrei lengri tíma samtals en fjóra mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

...

(15. mgr.) Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt, sem verkalyðsfélög hafa samið um umfram það, sem hér greinir.“

Í 1. og 2. mgr. þessarar lagagreinar kemur fram, að foreldri ræður því, hvort fæðingarorlof þess hefst fyrr en á fæðingardegi. Í aðilaskýrslu sinni kveðst stefnda hafa ætlað að vinna út marsmánuð en hætta þá störfum og hafa ætlað að hvíla sig um það bil hálfan mánuð fyrir áætlaðan fæðingardag. Er áfrýjandi synjaði stefndu greiðslu veikindalauna neytti hún réttar síns til að hefja töku fæðingarorlofs fyrr en ella. Við þessar aðstæður sviptir sú ráðstöfun hana ekki sammingsbundnum og lögmæltum rétti til

veikindalauna úr hendi áfrýjanda, sbr. 15. mgr. lagagreinarinnar. Samkvæmt 1. tölulið 7. mgr. hennar veitir starf hálfan daginn rétt til óskertrar orlofsgreiðslu.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom fram, að hugsanlega beri stefndu samkvæmt 1. mgr. 58. gr. almannatryggingalaga að endurgreiða fæðingarorlof að hluta, ef fallist verður á kröfur hennar. Var því af hennar hálfu lýst yfir, að Tryggingastofnun ríkisins yrði gerð grein fyrir úrslitum þessa máls og endurgreiðsla boðin fram, ef lög stæðu til þess. Í þessu máli verður ekki felldur dómur um þetta atriði og hefur enda ekki áhrif á greiðsluskyldu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um það, að fæðingarorlofsfé komi ekki til frádráttar veikindalaunum stefndu úr hendi áfrýjanda. Eins og kröfugerð er háttað kemur ekki til álita hvort miða beri lok veikindalauna við þann tíma, er stefnda að eigin sögn hafði hugsað sér að hætta vinnu um það bil hálfum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

Ekki er ágreiningur um vaxtaákvæði héraðsdóms og ber að staðfesta það.

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður.

Áfrýjandi, Vinnslustöðin hf., greiði stefndu, Margréti Eygló Birgisdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000,00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar  
og Bjarna K. Bjarnasonar.**

Fram er komið, að stefnda hóf samkvæmt 16. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 97/1980 töku fæðingarorlofs mánuði fyrir fæðingu barnsins. Með hliðsjón af því teljum við, að áfrýjandi verði að svo komnu ekki dæmdur til að greiða stefndu veikindalaun fyrir þennan tíma. Samkvæmt þessu lítum við svo á að taka beri til greina vara-

kröfu stefndu og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 11.528,40 krónur. Að öðru leyti erum við sammála atkvæði meirihluta dómenda.

### Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 16. nóvember 1987.

Mál þetta sem dómtekið var 5. þ.m. höfðaði Margrét Eygló Birgisdóttir, nnr. 6345-5644, Herjólfsgötu 7, Vestmannaeyjum, gegn Vinnslustöðinni hf., nnr. 9336 - 2209, Vestmannaeyjum, með stefnu britri 2. maí 1985.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 13.530,00 ásamt 19% ársvöxtum frá 17.4. 1984 til 1.1. 1985, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 1.2. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.6. 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.9. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.4. 1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 14.4. 1987, en frá þeim degi er krafist dráttarvaxta skv. 12. og 14. grein laga nr. 25/1987. Loks er krafist málskostnaðar í samræmi við málskostnaðarreikning.

Til vara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 11.528,40 með sömu vöxtum og tilgreindir eru undir aðalkröfu og málskostnað í samræmi við málskostnaðarreikning.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmd til þess að greiða henni málskostnað að mati dómsins.

Til vara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 3.952,10 með 19% ársvöxtum frá 31.1. 1984 til 1.1. 1985, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 1.2. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.6. 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.9. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.4. 1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 1.3. 1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 14.4. 1987, en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1.7. 1987, en frá þeim degi með 36,0% ársvöxtum til 1.8. 1987,

en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1.9. 1987, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1.10. 1987, en frá þeim degi með 43,2% ársvöxtum til 1.11. 1987, en með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Til þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 7.357,70 með sömu vöxtum frá 18.2. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Til 2. þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 8.413,60 með sömu vöxtum frá 24.2. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Til 3. þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 11.206,40 með sömu vöxtum frá 18:3. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Til 4. þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 11.528,40 með sömu vöxtum frá 24.3. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Til ítrasta þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 13.530,00 með sömu vöxtum frá 17.4. 1984 til greiðsludags og tilgreindir eru undir varakröfu.

Málskostnaður falli niður.

Með umboðsskrá dómsmálaráðherra frá 30. apríl 1986 var Friðgeir Björnsson borgardómari skipaður til þess að fara með mál þetta.

Sáttaumleitanir í máli þessu hafa ekki borið árangur.

#### *Málavextir, málsástæður og lagarök.*

Stefnandi mun hafa ráðist til starfa í fiskvinnslu stefndu árið 1978 og starfað þar óslitið til 17. janúar 1984. Hún var þá þunguð og gengin 27 vikur. Stefnandi ól barn sitt 25. apríl.

Stefnandi heldur því fram að hinn 17. janúar 1984 hafi hún verið orðin óvinnufær vegna sjúkdóms tengdum þungun hennar, þ.e. fæðingareitrunar.

Samkvæmt vottorði Einars E. Jónssonar, heilsugæslulæknis í Vestmannaeyjum, dags. 31. janúar 1984, var stefnandi óvinnufær með öllu frá 17. janúar 1984 til fæðingardags barnsins.

Í sjúkradagpeningavottorði sama læknis dags. 9. febrúar 1984 segir orðrétt í athugasemdum eftirfarandi:

„Konan (þ.e. stefnandi) var komin með eggjahvítu í þvag, hækkaðan blóðþrýsting og vaxandi bjúg. Því ráðlögð hvíld frá allri erfiðisvinnu til fæðingar.“

Í vottorði sama læknis um heilsu stefnanda, dags. 18. febrúar 1985, segir til viðbótar því sem fram kemur í fyrri vottorðum að stefnandi hafi komið í eftirlit að tveimur vikum liðnum frá 17. janúar 1984 talið og þá hafi blóðþrýstingur verið búinn að jafna sig, þvag verið orðið hreint af eggjahvítu-efnum og bjúgur minnkað til muna. Þá segir orðrétt í vottorðinu.

„Þar sem ástand konunnar hafði skánað var henni ráðlagt að halda áfram hvíld og þá alveg til fæðingar en hún fæddi heilbriggt stúlubarn þann 25.4. 1984. Ef einkenni hennar hefðu ekki gengið niður eða þau versnað hefði konan í framhaldi af því verið innlögð á sjúkrahús.“

Meðferð fólst því í hvíld og nokkuð þétu eftirliti, því konan kom í eftirlit til undirritaðs 11 sinnum frá upphafi sjúkdómseinkenna til fæðingar.“

Aðilar máls þessa deila m.a. um það hvort stefnandi hafi frá 17. janúar til 24. apríl 1984 verið haldin sjúkdómi í skilningi 5. og 6. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Hinn 23. júní 1986 var í málinu kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

„Með skírskotan til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 þykir rétt að æskja umsagnar Læknaráðs um eftirtalin atriði.“

1. Hver er skilgreining Læknaráðs á sjúkdómnum fæðingareitrun?
2. Telur Læknaráð að Margrét Eygló Birgisdóttir hafi verið haldin fæðingareitrun (preeclampsia) frá 17. janúar til 31. janúar 1984?
3. Telur Læknaráð að Margréti Eygló hafi verið nauðsyn á að vera í leyfi frá störfum sínum hjá Vinnslustöðinni hf. frá 1. febrúar 1984 til þess tíma er hún ól barn sitt, í því skyni að koma í veg fyrir að hún fengi fæðingareitrun, eða fæðingareitrun versnaði, hafi hún haft hana fyrir?
4. Hvaða líkur (tölulegar) telur Læknaráð vera á því að Margrét Eygló hefði fengið fæðingareitrun eða henni versnað á framangreindu tímabili hefði hún haldið áfram störfum sínum hjá Vinnslustöðinni hf?
5. Hvaða líkur eru á að sú fæðingareitrun hefði leitt til óvinnufærni Margrétar Eyglóar í því starfi sem hún stundaði og hefði fæðingareitrunin reynst hættuleg heilsu hennar og fóstursins?

#### Á l y k t a r o r ð:

Læknaráð láti í té álitserð samkvæmt framansögðu.“

Ályktun Læknaráðs sem dagsett er 9. apríl 1987 er svohljóðandi:

„Svar 1: Fæðingareitrun (pre-eclampsia, toxemia of pregnancy,

pregnancy induced hypertension) er það nefnt þegar tvö eða þrjú af eftirfarandi einkennum eru til staðar á meðgöngutíma.

1. Hækkaður blóðþrýstingur yfir mörkin 140/90, mælt í hvíld við a.m.k. tvær samfelldar mælingar. Einnig ef neðri blóðþrýstingsmörk hækka meira en 15 mg Hg milli tveggja mælinga. Mörkin milli mildrar og alvarlegrar fæðingareitrunar eru þegar blóðþrýstingur fer yfir mörkin 160/110.

2. Eggjahvíta í þvagi.

3. Bjúgur.

Þegar eggjahvíta er til staðar er yfirleitt talað um að um alvarlega fæðingareitrun sé að ræða, þótt blóðþrýstingur nái ekki hærri mörkunum sem að ofan eru nefnd. Hástig fæðingareitrunar er svo þegar konan fær fæðingarkrampa (eclampsia).

Svar 2: Já.

Svar 3: Já.

Svar 4: Samkvæmt þeim upplýsingum sem getið er um í málsatvikum, hefur umræddur sjúklingur verið með fæðingareitrun á alvarlegu stigi. Sjúklingur hefur hlotið rétta meðferð og því hefur fæðingareitrunin dvínað um sinn, en hún læknast ekki fyrr en konan hefur fætt. Þ.e. aðeins hægt að halda einkennum í skefjum en ekki lækna sjúkdóminn fyrr en að fæðingu lokinni.

Svar 5: Fæðingareitrun sem hefst fyrir 30. viku meðgöngu er yfirleitt alvarlegri en seinna á meðgöngu. Ef ekki er beitt réttri meðferð (hvíld, rúmlegu og lyfjameðferð) versnar ástandið allt fram að fæðingu og endar þá með fæðingarkrampa í verstu tilvikum, þegar ekki hefur verið rétt við brugðist. Þar sem Margrét Eygló hefur eftir fyrrnefndri skilgreiningu haft fæðingareitrun á alvarlegu stigi, verður að telja að rétt hafi verið við brugðist og hún hafi alls ekki átt að stunda vinnu það sem eftir var meðgöngutímans.“

Stefnandi byggir á því að hún eigi rétt til launa í veikindum samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 19/1979 og kjarasamningum Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 1. júlí 1982 og 21. febrúar 1984. Í framangreindum lagaákvæðum og ákvæðum kjarasamninganna þar sem kveðið sé á um laun í veikindum sé hvergi að finna þá undantekningu að konur sem veikist á meðgöngutíma njóti ekki sömu réttinda og fyrir hendi eru þegar um annars konar veikindi sé að ræða. Í lögskýringargögnum sé hvergi að finna neitt um það að ætlunin hafi verið að gera undantekningu þessa efnis. Sama máli gegni um kjarasamningana, þar sé enga undantekningu að finna, hvorki í texta ákvæðanna né bókunum aðila.

Með lögum nr. 19/1979, sem leyst hafi af hólmi lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfs-

manna til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla, hafi réttur til launagreiðslna í veikindum verið rýmkaður verulega. Vinnuveitendur hafi greitt samkvæmt lögum nr. 16/1958 í tilvikum sem stefnanda, en þá hafi aðeins verið um að ræða veikindalaun í hálfan mánuð. Þar sem nýju lögini hafi lagt vinnuveitendum meiri greiðsluskyldu á herðar hafi deilur risið um greiðsluskylduna og í þeim deilum hafi enn engin niðurstaða fengist. Því fari fjarri að vinnuveitendur og launþegar hafi nokkru sinni verið á sama máli um það að greiðsluskylda vinnuveitenda í tilvikum sem stefnanda hafi ekki verið fyrir hendi eins og stefnda haldi fram.

Stefnandi hafi sannað veikindi sín með ótvíræðari hætti en krafist sé í lögum nr. 19/1979. Þessum sönnunargögnum stefnanda hafi stefnda ekki hnekkst og of seint sé fram komin sú staðhæfing stefndu í munnlegum flutningi málsins að stefnandi hafi ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að hún hafi verið veik og óvinnufær og hefði átt að afla frekari gagna frá lækni sínum. Stefnda verði að bera hallann af þessu seinlæti, en stefnanda hafi verið unnt að leggja fram frekari gögn um veikindin hefði þess verið krafist í tíma.

Stefnandi mótmælir því að greiðsla fæðingarorlofs eigi að skerða rétt hennar til launagreiðslna úr hendi stefndu. Réttur til fæðingarorlofs sé unninn með sama hætti og réttur til orlofs, þ.e. stefnandi hafi átt þennan rétt fyrir og breyti hann engu um skyldur stefndu gagnvart stefnanda.

Stefndu beri að dæma til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefnda mótmælir því ekki að fæðingareitrun sé sjúkdómur í læknisfræðilegum skilningi. Hins vegar véfengir stefnda að stefnandi hafi nokkru sinni verið með fæðingareitrun og a.m.k. ekki frá 31. janúar 1984, þegar læknir hennar segir einkenni hafa gengið niður fram til fæðingardags barnsins.

Í vottorði læknis stefnanda komi ekki fram á hvaða stigi umgetin sjúkdómseinkenni voru. Þannig sé ekki greint frá því hversu hár blóðþrýstingurinn var. Í ályktun Læknaráðs sé tekið fram að blóðþrýstingur þurfi að fara yfir ákveðin mörk til þess að hann geti talist eitt af einkennum fæðingareitrunar. Ekki sé að sjá að Læknaráð hafi haft eða aflað sér upplýsinga um hversu hár blóðþrýstingur stefnanda var, en slíkar upplýsingar hefðu þurft að liggja fyrir til þess að hægt væri að segja til um með vissu hvort blóðþrýstingurinn gæti talist eitt af einkennum fæðingareitrunar. Því hafi verið mótmælt strax í greinargerð stefndu að stefnandi hafi verið haldin fæðingareitrun.

Læknir stefnanda lýsi öllum einkennum í þátið í vottorði frá 9. febrúar 1984 og í vottorði læknisins frá 18. febrúar 1985 komi fram að öll einkenni hafi verið horfin þegar stefnandi kom í skoðun 31. janúar 1984.

Þessar staðreyndir mæli því í mót að stefnandi hafi verið haldin fæðingareitrun.

Þá leiki vafi á því að stefnandi hafi verið óvinnufær. Vottorð læknis stefnanda hafi að geyma fullyrðingu um óvinnufærni fram í tímann. Ekkert sé leitt í ljós um það að vinnuálag kunni að hafa verið orsök fæðingareitrunar hafi hún verið einhver og ekki verði ráðið af gögnum málsins með ótvíræðum hætti að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 17. janúar til fæðingar barnsins eða hluta þess tíma.

Jafnvel þótt talið yrði að stefnandi hafi verið óvinnufær allan tímann frá 17. janúar til fæðingar eða hluta hans þá veiti það henni samt sem áður ekki rétt til launa samkvæmt lögum nr. 19/1979, en tilvikum sem stefnanda hafi aldrei verið ætlaður staður í lögum eða kjarasamningum.

Í gildistíð laga nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, hafi aldrei verið talið að sjúkdómur sem fæðingareitrun félli undir lögum. Það hafi fyrst verið í gildistíð laga nr. 19/1979 sem því hafi verið haldið fram gegn eindregnum mótmælum vinnuveitenda, en fæðingarorlof hafi verið greitt úr Atvinnuleysisstryggingasjóði. Aldrei hafi verið ætlast til þess að vinnuveitendur bæru kostnað af veikindum á meðgöngutíma. Hafi verið ætlunin að breyta þessari túlkun með setningu laga nr. 19/1979 hefði átt að taka það fram í lögum að fæðingareitrun og skyldir sjúkdómar væru sjúkdómar í skilningi laganna. Það hafi ekki verið gert og því standi fyrri túlkun óhöggud.

Þá hafi verið settar sérstakar reglur um greiðslu fæðingarorlofs og því eigi reglur um veikindagreiðslur samkvæmt l. nr. 19/1979 ekki við þegar um þungun sé að ræða.

Stefnandi hafi fengið greitt fæðingarorlof í fjóra mánuði. Fjórða mánuðinn hafi hún fengið greiddan vegna veikinda. Þess sé krafist að greiðsla fæðingarorlofs í tvo mánuði sé dregin frá umkröfðu kaupmiðstöfnum stefnanda annaðhvort miðað við áætlaðan fæðingardag barnsins eða raunverulegan, en þrautavarakrafa og 2. þrautavarakrafa stefndu lúti að því. Ef ekki verði á það fallist sé þess krafist að greiðsla fæðingarorlofs í einn mánuð sé dregin frá með sama hætti og lúti 3. og 4. þrautavarakrafa að því.

Verði aðalkrafa stefndu ekki tekin til greina sé þess krafist að málskostnaður falli niður. Að baki málssókn þessari standi annars vegar Alþýðusamband Íslands og hins vegar Vinnuveitendasamband Íslands en félagsmenn beggja hafi ríka hagsmuni af því að fá skorið úr deilufni þessu, og því sé rétt að kostnaður sé ekki alfarið lagður á annan aðila þessa máls.

#### *Niðurstaða dómsins.*

Óumdeilt er að stefnandi lét stefndu í té vottorð læknis síns um það að

hún væri óvinnuvær vegna sjúkdóms frá 17. janúar 1984 til fæðingardags barnsins. Stefndu hefur einnig verið kunnugt um vottorð læknisins dags. 9. febrúar 1984, a.m.k. frá þeim tíma að það var lagt fram í máli þessu 23. maí 1985, en í vottorðinu er sjúkdómseinkennum stefnanda lýst, ennfremur vottorð læknis stefnanda frá 18. febrúar 1985. Þá hefur verið lögð fram ályktun Læknaráðs frá 30. apríl 1987 þar sem talið er að stefnandi hafi verið með fæðingareitrun á alvarlegu stigi.

Enda þótt stefnda hafi véfengt að stefnandi hafi verið haldin fæðingareitrun frá 17. janúar til 25. apríl 1984 eða hluta þess tíma, hefur hún ekki hnekt þeim sönnunargögnum sem stefnandi hefur lagt fram um sjúkdóm sinn og óvinnufærni, og ekki er leitt í ljós að mat læknis stefnanda á sjúkdómsástandi hennar hafi ekki verið rétt. Þá ber og að hafa í huga að stefnandi fór þar að ráðum læknis síns þegar hún tók sér hvíld frá vinnu utan heimilis á síðasta hluta meðgöngutímans.

Eins og mál þetta liggur fyrir dóminum þykir verða við það að miða að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 17. janúar til 25. apríl 1984 af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í vottorðum læknis hennar frá 9. febrúar 1984 og 18. febrúar 1985.

Þá er óumdeilt í máli þessu að fæðingareitrun er sjúkdómur í læknisfræðilegum skilningi og að slíkir sjúkdómar falla undir lög nr. 19/1979. Hins vegar deila aðilar samt um það hvort fæðingareitrun sé sjúkdómur í skilningi laga nr. 19/1979.

Í texta laganna er talað um veikindi, sjúkdóm eða atvinnusjúkdóm án þess að um nánari skilgreiningu sé að ræða. Þar er ekki getið um undantekningar. Sama máli gegnir um þá kjarasamninga sem stefnandi byggir og kröfur sínar á. Hvergi er að sjá að löggjafinn hafi haft í huga að undanskilja ákveðna tegund sjúkdóma lögnum og ekki verður slík undantekning byggð á því að forsvarsmenn heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði kunni að hafa túlkað löginn með einhverjum ákveðnum hætti, enda fátt leitt í ljós um það í þessu máli.

Lög nr. 19/1979 tryggja rétt verkafólks til ákveðinna launagreiðslna í veikindum og þar sem hvergi er að finna í lögnum eða lögskýringargögnum undantekningar sem löggjafinn hefur gert varðandi ákveðin veikindi er niðurstaða dómins sú að stefnandi njóti vegna veikinda sinna réttar til launagreiðslna samkvæmt lögnum.

Þá kemur loks til athugunar hvort greiðsla fæðingarorlofs til stefnanda eigi að einhverju leyti að draga frá þeim greiðslum sem stefnandi á rétt á úr hendi stefndu.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 97/1980, sem í gildi voru á þeim tíma sem hér ræðir um, eiga foreldrar sem lögheimili eiga á Íslandi rétt á þriggja mánaða fæðingar-

orlofi. Samkvæmt 11. mgr. 16. gr. laganna á móðir rétt á allt að eins mánaðar orlofi til viðbótar sé henni nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggis- ástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

Upplýst er að stefnandi fékk greitt fæðingarorlof í fjóra mánuði.

Greiðslum fæðingarorlofs er ætlað að bæta þeim foreldrum sem ekki halda launum frá vinnuveitanda þegar barnsburð ber að höndum það tekjutap sem þeir verða fyrir.

Nú hagar svo til samkvæmt framangreindri niðurstöðu í máli þessu að stefnandi er talin eiga rétt á launum vegna veikinda frá stefndu, vinnuveitanda hennar, í þrjá mánuði að telja frá 17. janúar 1984 og varð hún því ekki fyrir tekjutapi í þann tíma. Hins vegar verður ekki talið að greiðsla fæðingarorlofs, hvort heldur í þrjá eða fjóra mánuði og hugsanlega fram yfir það sem stefnandi kann að hafa átt rétt á þegar framangreind niðurstaða í máli þessu er höfð í huga, eigi að leiða til þess að lögbundnar launagreiðslur stefndu til stefnanda í veikindum hennar lækki eins og stefnda heldur fram. Því verður ekki fallist á þær kröfur stefndu að fæðingarorlof komi að hluta til frádráttar launagreiðslum stefndu til stefnanda.

Niðurstaða dómsins er því sú að taka ber til greina aðalkröfu stefnanda.

Málskostnaður sem stefnda greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 110.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson umboðsdómari og lækarnir Guðmundur Steinsson og Reynir Tómas Geirsson.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda, Vinnslustöðin hf., greiði stefnanda, Margréti Eygló Birgisdóttur, kr. 13.530,00 með 19% ársvöxtum frá 17.4. 1984 til 1.1. 1985, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 1.2. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði til 1.3. 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum á mánuði til 1.6. 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði til 1.9. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði til 1.3. 1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði til 1.4. 1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði til 1.3. 1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði til 14.4. 1984, en frá þeim degi með 30% ársvöxtum til 1.6. 1987, en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1.7. 1987, en frá þeim degi með 36,0% ársvöxtum til 1.8. 1987, en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1.9. 1987, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1.10. 1987, en frá þeim degi með 43,2% árs-

vöxtum til 1.11. 1987, en með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 16.11. 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 110.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 310/1987. **Hagvirki hf.**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

**Ólafi Gunnarssyni og**

**Birni Einarssyni**

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Matsgerð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum 270.000,00 krónur „í bætur og/eða sem afslátt“ með ársvöxtum sem hér segir: 19% frá 20. júní 1984 til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi með þeim vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt vaxtalögum. Þá krefst áfrýj-